



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS
Alþingi
Erindi nr. p 130/188
komudagur 19.11.2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 19.11.2003

Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt og eignaskatt, 88. mál.

Alþýðusamband Íslands sendi Alþingi umsögn um frumvarp til breytinga á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt og eignaskatt, 88. mál, dagsett 3.11.2003.

Umsögnin tók á efnisatriðum frumvarpsins þar sem m.a. kom fram að Alþýðusambandið legðist alfarið gegn því að vaxtabætur yrðu lækkaðar um 600 milljónir með því að lækka hámark vaxtagjalda til útreiknings vaxtabóta úr 7% af skuldum vegna húsnæðiskaupa í 5,5% af skuldum.

Til viðbótar fyrri umsögn vill Alþýðusambandið taka fram það er með öllu óeðlilegt og óásættanlegt að láta framangreinda skerðingu vaxtabóta koma til framkvæmda með afturvirkum hætti, þ.e. við álagningu ársins 2004 vegna vaxtagjalda ársins 2003, eins og gert er ráð fyrir skv. 13.gr. frumvarpsins.

F.h. Alþýðusambands Íslands

Ólafur Darri Andrason

Ólafur Darri Andrason
Hagfræðingur ASÍ